

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

MAÍ 2014



5. tbl. 17. árg.

Wilson's PIZZA
S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Systrasamlagið
Suðurströnd 10
v/Sundlaug Seljarnarnes og World Class
Sími: 511 6367
Opíð: virka daga 9-18 • laugardagar 10 - 16
Sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagið

Slökkvitækjaþjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

- bls. 8
Flugvallarmálið leyst?



**SUMRI FAGNAÐ
Í MELASKÓLA!**

Þessar stelpur í Melaskóla nutu svo sannarlega lífsins í veðurblíðunni. F.v.: Erna Birgisdóttir 5. LK, Kolbrún Sif Hafsteinsdóttir 5. LK, Steinunn Birta Filipsdóttir 5. EÍ og Anika Embla Ingvadóttir 5.EÍ. Gleðilegt sumar!

Viðbygging við Vesturbæjarskóla

Nokkrar framkvæmdir verða við Vesturbæjarskóla í sumar en verið er að hanna nýja viðbyggingu við skólann.

Þar til að hún verður tekin í notkun verður húsnæðisvandi skólans leystur með því að breyta gömlu húsi sem tilheyrir skólanum og stendur við Hringbraut 116-118 þannig að þar verði tvær kennslustofur, aðstaða til tónlistarkennslu og vinnurými fyrir kennara. Samhliða verða gerðar betrubætur á húsnæði fyrir frístundastarf að Vesturvallagötu og ein færanleg kennslustofu, til viðbótar þeim

þremur sem fyrir eru, verður flutt að skólanum. Sú kennslustofa verður tímabundið notuð undir tónlistarkennsluna.

Samkvæmt nemendaspá skóla- og frístundasviðs mun nemendum við Vesturbæjarskóla fjölga um 40-50 á næstu árum þegar stóru árgangarnir sem fæddust 2009 og 2010 koma inn í skólann. Gert er ráð fyrir að hönnun nýrrar viðbyggingar við Vesturbæjarskóla ljúki á þessu ári og að framkvæmdir við hana hefjist 2015. Áætlaður kostnaður vegna framkvæmda við skólann á þessu ári eru um 50 milljónir króna.



Portið við Vesturbæjarskóla þar sem viðbyggingin mun rísa, m.a. að hluta. Húsið sem kenna á í til bráðabirgða er til vinstri.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

**PANTAÐU
Á NETINU**
www.dominos.is sími 58-12345

**Fljótt
og
Gott**

Glæsilegur heimilismatur
alla daga frá 10.30 til 20.00
ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI

FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN
www.fljottoggott.is

græn heilsa
Ægisíða 121
Sími 551 1717
Opíð alla virka daga
frá kl. 10 – 17.30.

Nautakjötstilboð!

Íslenskt ungnautakjöt



Melabúðin
þín verslun

helgina 22. - 25. maí
- meðan birgðir endast

Sími 551-0224

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Geir A. Guðsteinsson, Sími 564 5933, 898 5933

Netfang: geirgudsteinsson@simnet.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

5. tbl. 17. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Goðafraedi og kosningar

Skerpla er áttundi mánuður ársins samkvæmt gamla norræna tímatalinu. Hún hefst á laugardegi í fimmtu viku sumars, eða 19. til 25. maí samkvæmt gregoríanska tímatalinu. Ekki er vitað um uppruna nafnsins en í Snorra-Eddu er þessi mánuður kallaður eggfið og stekktið. Snorra-Edda er bók í fjórum hlutum, Prologus, Gylfaginningu, Skáldskaparmál og Háttatal, rituð af Snorra Sturlusyni á 13. öld. Prologus fjallar um upphaf ásatrúar og er hann einungis stuttur formáli að bókinni. Á eftir honum kemur Gylfaginning en þar ræðir hinn fáfróði Gylfi konungur við Óðin um ásatrú. Þessi kafli er á samtalsformi eins og oft tíðkaðist um kennslubækur að fornu. Því næst er komið að Skáldskaparmálum en þar spjallar Snorri um heiti í skáldskap. Síðasti kafli er Háttatal en það er 102 erinda kvæði til Skúla jarls og Hákons konungs. Hver vísa er undir sínum hætti. Snorra-Edda er mikilvægasta heimild sem við höfum í dag um norræna goðafraedi og fornan átrúnað. Hún var hins vegar upprunalega skrifuð sem kennslubók í skáldskap og þjónaði næstu aldirnar mikilvægu hlutverki á því sviði. Þessar vangaveltur eiga kannski ekki heima hér, og þó. Hvað er börnum kennt í skóla í dag? Það er vissulega ýmsilegt nýtsamlegt eins og að fara með og kunna á tölvur, stærðfræði, lestur og skrift og annað í þeim dúr, en hvað vita þessu börn um fortíðina, vita þau að Ísland hefur ekki alltaf verið sjálfstætt og forfeður okkur þurftu að hafa mikið fyrir því að öðlast sjálfstæði, og síðan eru aðeins liðin 70 ár. Það þykir sjálfsgað að gera rölt út í búð og keypt það sem hugurinn gírnist, það þarf ekki að fara um langan veg til að kaupa nauðsynjar. Hætt er við að krökkum sem búa á Hólmavík þætti skrítið að þurfa að fara alla leið til Borðeyrar til að versla, en það var staðreynd á tímum einokunarverslunarinnar. Einokunarverslun Dana á Íslandi var verslunareinokun danskra kaupmanna á Íslandi á 17. og 18. öld. Hún átti rætur í kaupauðgisstefnunni og var tilgangurinn með henni að efla danska kaupmannastétt og danska verslun gegn Hansakaupmönnum í Hamborg, og auka völd danska konungsins á Íslandi. Einokunartímabilið hófst árið 1602 og stóð til ársloka 1787. Verslað var á tuttugu kauphöfnum, samkvæmt föstum taxta sem ákveðinn var af konungi. Kaupmenn skiptu kauphöfnunum milli sín fyrir vissa leigu, en Vestmannaeyjar voru leigðar út sér fyrir hærra verð. Kaupmönnum var bönnuð þátttaka í annarri atvinnustarfsemi á Íslandi fram til 1777. Við gætum ef til vill ekki nægjanlega að fengnu sjálfstæði og eigum að minnast þess á hverju ári við öll möguleg tækifæri, ekki bara á 17. júní, fæðingardegi Jóns Sigurðssonar. Kannski var það nær en nokkurn grunur að sjálfstæði þjóðarinnar væri í hættu þegar efnahagskreppan skall á héraendis 2008, einmitt vegna græðgi og yfirgangssemi tiltölulega fárra manna sem héldu að þeir gætu keypt heiminn fyrir peninga sem þeir raunar áttu alls ekki, raunar ekki flókið að skilja það í dag þegar sigt er upp úr öldudalnum.

Framundan eru sveitarstjórnarkosningar. Á yfirstandandi kjörtímabili hafa flestar sveitarstjórnir landsins glímt við mikinn efnahagsvanda í rekstri sveitarfélaganna, stjórnir sveitarfélaganna hafa stefnt að því að koma skuldum sveitarstjórnar niður fyrir 150% af tekjum sveitarsjóðsins. Það hefur mörgum tekist, en því miður ekki öllum. Það er því skylda okkar allra, hvar í sveit sem við búum, að vanda valið á stjórn þess sveitarfélags sem við búum í svo áfram verði hægt að stefna að góðæri í rekstri þeirra. Seta í sveitarstjórn er ábyrgðarstaða sem margir sækjast eftir. Vöndum valið, gerum það fyrir okkur sjálf, verum viss hvað við viljum gera á kjördegi. Þá fer vel.

Geir A. Guðsteinsson
ritstjóri

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Hverfisráð ánægt með skipulagslýsingar

Hverfisráð Vesturbæjar fundaði 8. maí sl. Rætt var um hverfaskipulag borgarinnar og skipulagslýsingar sem dregnar voru til baka af USK. Hverfisráð Vesturbæjar bókaði eftirfarandi: Hverfisráðið lýsir yfir ánægju með að skipulagslýsingar fyrir hverfisskipulag hafi verið dregnar til baka og vísað til frekari vinnu inn á Umhverfis og skipulagsviði. Ráðið harmar að tillögurnar sem kynntar voru hafi valdið einhverjum íbúum óöryggi, jafnvel svo að einhverjir urðu agndofa. Vonandi verður framhald ferlisins betur skýrt fyrir íbúum borgarinnar og hverfaskipulag orðið að gegnsæu, lýðræðislegu og öfluglu verkfæri fyrir íbúa Reykjavíkur. Ráðið telur brýnt að haft sé gott samráð við íbúa og tekið tillit til hagsmuna þeirra. Rædd var lýsing á leikvöllum í Vesturbæ og sparkvöll við Melaskóla: Á síðasta fundi ráðsins var óskað eftir svörum USK við ofangreindum spurningum en þær höfðu ekki borist fyrir fundinn, en þess má geta að búið er að samþykka upphitaðan sparkvöll án batta við Melaskóla.

Aukafundi í Hverfisráði Vesturbæjar hafnað

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óskuðu á fundinum 8. maí eftir auka fundi þann 22. maí n.k. þar sem formanni USK yrði boðið á fundinn og ýmis málefni Vesturbæjar rædd. Einnig vildu fulltrúar flokksins bjóða ýmsum hagsmunaaðilum Vesturbæjar til skrafs og ráðagerða. Fulltrúar Besta flokksins og Samfylkingar greiddu atkvæði á móti og bókuðu eftirfarandi: Fulltrúar Samfylkingar og Besta flokksins í hverfisráði Vesturbæjar lýsa yfir miklum áhuga á að ræða málefni hverfisins með formanni Umhverfis- og skipulagssviðs á næsta reglulega fundi ráðsins í júní. Þar verði þá yfirvegað andrúmsloft og virk samræða. Bókun fulltrúa Sjálfstæðismanna: Fulltrúar Sjálfstæðismanna telja að ástæða sé til að ræða málefni hverfisins á slíkum fundi fyrir kosningar og harma að meirihluti hafi felt það.

Íslandsmerkið á Hagatorgi, grásleppuskúrar og umferðartalning

Skriflegar fyrirspurnir bárust frá frá Ragnhildi B. Guðjónsdóttur á fundi Hverfisráðs Vesturbæjar. Rúm tvö ár eru síðan athugasemd var gerð við það að lýsingin við Íslandsmerkið á Hagatorgi væri ekki í lagi. Hvenær er ætlunin að viðgerð verði lokið. Ragnhildur spyr einnig hvaða framkvæmdir hafa átt sér stað við Grásleppuskúrana á þessu kjörtímabili og hversu miklu fjármagni hefur verið varið til endurbóta og varðveislur þeirra? Jafnframt er þess óskað að fulltrúar frá menningar- og ferðamálasviði og fulltrúar í nefnd um Grásleppuskúrana komi á næsta fund og geri grein fyrir málinu. Ragnhildur óskar jafnframt eftir umferðatalningum vegna breytinga á Hofsvllagötu verði kynntar sem fyrst á fundi ráðsins. Óskað er eftir að formaður umhverfis- og skipulagsráðs og aðrir kjörnir fulltrúar í ráðinu mæti á fund hverfisráðsins og ræði hugmyndir í hverfaskipulaginu fyrir Vesturbæinn. Óskað er eftir að fá upplýsingar á næsta fundi um fyrirætl-

anir borgarinnar varðandi brottrekstur Fluggarða í Vatnsmýrinni. Óskað er eftir sérstakri kynningu á fyrirætlunum borgarinnar á hugmyndum um að koma fyrir Reykjavíkurhúsum á lóð skólagarðanna við Þorragötu. Óskað er eftir upplýsingum um kostnað við endurgerð leikvallar milli Granaskjól og Frostaskjól. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um verkferlið og hverjir komu að ákvörðun um útlit og leiktæki og óskað er eftir aukafundi nú í maí í hverfisráðinu þar sem ofangreindum spurningum verði svarað.

Kirkjubygging við Mýrargötu enn til umræðu

Á fundi skipulagsfulltrúa 11. desember 2013 var lagt fram bréf borgarstjóra dags. 28. nóvember 2013 um samþykkt borgarráðs s.d. vegna breytinga á deiliskipulagi Nýlndureits, 1.131. Lögð var fram svohljóðandi tillaga Sjálfstæðisflokksins sem vísað var til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs: „Í því skyni að ná meiri sátt um kirkjubyggingu á Nýlndureit er lagt til að skoðað verði hvort unnt sé að koma byggingunni fyrir á nýjum og betri stað, á horni Mýrargötu og Seljavegar.“ Borgarráð óskaði eftir upplýsingum ráðsins.

Sumarhátíð í Vesturbænum

Hverfisráði Vesturbæjar barst fyrirspurn um styrki. Annars vegar frá Félagsmiðstöðinni Vesturreitum á Aflagrandi 40. Þar á að halda mikla kynningu á haustmánuðum til að efla félagsstarfið enn frekar. Hverfisráði fannst þetta flott framtak og samþykkti að styrkja þetta verkefni um 80.000 krónur. Hins vegar var ósk um styrk frá Ungmennaráði Vesturbæjar og Jöklu sem er hópur ungmenna á aldrinum 16-18 ára sem hefur aðstöðu í Frostaskjól, en Frostaskjól heldur utan um þennan hóp. Þessir aðilar ætla að halda sumarhátíð í Vesturbænum fyrir alla íbúa hverfisins. Ráðið fagnaði þessu framtaki og ákvað að styrkja þetta verkefni um 80.000 krónur.

Undirgöng eða göngubrú við Hörpu

Betri Reykjavík, tillaga að undirgöngum eða göngubrú yfir Sæbraut við Hörpu. Ein af þeim tillögum sem komu fram á sl. vetri frá borgarbúum um Betri Reykjavík. Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs var undir flokknum framkvæmdir lögð fram efsta hugmynd aprílmánaðar sem fjallaði um undirgöng eða göngubrú yfir Sæbraut við Hörpu. Tillagan var tekin af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. apríl 2014 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 6. maí 2014. Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs 6. maí sl. var samþykkt.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2013 hefur verið samþykktur í borgarstjórn og er samstæðan rekin með 8,4 milljarða króna hagnaði hagnaði. Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A og B hluta, var jákvæð

um tæpa 8,4 milljarða króna en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 7,7 milljarða króna. Rekstrarniðurstaðan er því 711 m.kr. betri en gert var ráð fyrir. Helstu ástæður má rekja annars vegar til gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga hjá A-hluta og hins vegar til áhrifa fjármagnsgjalda hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Þar vegur þyngst gengismunur og verðmæti innbyggðra afleiða. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um tæpa 23,6 mkr sem er rúmum 4 milljörðum króna betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Skuldir samstæðunnar lækkuðu um 35 milljarða króna á tímabilinu. Þar af lækkuðu langtímaskuldir um rúma 29 milljarða króna, voru tæpir 260 milljarðar króna í ársbyrjun en stóðu í 231,5 milljarði í árslok. Niðurstaðan sýnir að rekstur samstæðunnar er að styrkjast umtalsvert en handbært fé samstæðunnar nam 21,2 milljörðum króna í árslok. Eigið fé samstæðunnar styrkt einnig umtalsvert, það nam 192 milljörðum króna í lok árs en var tæpir 148 milljarða í byrjun ársins 2013. Þegar horft er á samstæðuna munar mest um Plan Orkuveitu Reykjavíkur en aðgerðaáætlun hennar hefur gengið fyllilega upp. Mikilvægt er að OR haldi áfram að greiða niður skuldir og því þarf sjóðstreymi og veltufé frá rekstri að vera hátt áfram. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um rúma 3 milljarða króna, en undir hann heyrir allur almennur rekstur og lífeyrisskuldbindingar borgarinnar.

Matjurtagarðar 2014 tilbúnir til notkunar

Allir sem hafa fengið úthlutað matjurtagarði geta hafist handa við ræktun frá og með 16. maí, því búið er að tæta þá og merkja. Enn eru nokkur laus beð eftir. Garðarnir eru tilbúnir til notkunar frá og með 16. maí 2014 en þeir voru opnaðir á sínum tíma til að koma til móts við fjölskyldur í Reykjavík sem vilja rækta grænmeti á eigin vegum. Garðar eru í boði í Breiðholti við Jaðarsel, Árbæ við Rafstöðvarveg, Vesturbæ við Þorragötu, Fossvogi við Bjarmaland, Laugardal og Grafarvogi við Logafold. Engin beð eru eftir við Þorragötu og í Laugardal, þá eru örfá beð eftir í Fossvogi og eitt-hvað í Skammadal og töluvert í Grafarvogi, Árbæ og í Breiðholti. Alls standa 800 garðar til boða, 600 innan borgarmarka og 200 í Skammadal í Mosfellsbæ. Leigugjöld ársins 2014 eru 4.800 kr. í fjölskyldugörðunum (ca. 20m²) nema í Skammadal (ca. 100m²) þar sem það er 5000 kr. Vatn er aðgengilegt hjá öllum görðunum en plöntur og útsæði fylgja ekki með görðunum.

Vesturbæingar



Hvað á maður eiginlega að kjósa?

ALLT FYRIR GÆLUDÝRIN
Í BYKO GRANDA!



Vnr. 42373861
Hundabúr, svart járn,
60x43x51 cm.

8.995 kr.

Vnr. 42373805
Matarskál með skrauti.

1.295 kr.



Vnr. 42335163
Hundabúr úr járni,
hallandi, 78x48x56 cm.

9.990 kr.



Vnr. 42335269
Ól 40-55 cm,
20 mm.

995 kr.

VERÐVERND BYKO

**LÆGRA
VERÐ**

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



Vnr. 42373791
Stálskál.

1.295 kr.



Vnr. 42335266
Beisli, 35x50 cm.

1.295 kr.



Vnr. 42335263
Bursti, tvískiptur.

1.695 kr.



Vnr. 42373788
Leikfang.

395 kr.

Vnr. 42373329
Áhaldasett, 4 stk.

1.595 kr.



Vnr. 42335267
Taurur, 1 m, 20 mm.

1.395 kr.



ROYAL CANIN



10 KG

Vnr. 42331803
Hundamatur,
10 kg.

2.695 kr.



Vnr. 42373803
Kattasandsdallur.

1.995 kr.



Josera.

JOSERA hágæða fóður, hefur mjög hátt kjöthlutfall. Kjötíð er 100% rekjanlegt frá sláturhúsi og er hæft til manneldis. JOSERA notar ekki hveiti, soja, mjólkurvörur eða sykurl í sínar vörur og þær eru framleiddar án litar-, bragð- og rotvarnarefna.



Vnr. 42308312
Kattasandur, 5 kg.

795 kr.



Vnr. 42373795
Kattasandsskófla.

295 kr.

Öll vör eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengi. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



[facebook.com/BYKO.is](https://www.facebook.com/BYKO.is)

www.exp.is / EPO auglýsingastofa

Reykjavík er á réttri leið

Fylgiskannanir fyrir komandi borgarstjórnarkosningar sýna mikinn stuðning við Dag B. Eggertsson formann borgarráðs Reykjavíkurborgar og borgarstjóraefni Samfylkingarinnar og virðast þær ná umtalsvert út fyrir raðir flokksins. Dagur kveðst þakklátur fyrir þann stuðning sem hann finni og viðurkennir fúslega að sem flestir borgarbúar greiði þeim atkvæði sitt í komandi kosningum. „Ég mun gera mitt allra besta til að standa undir því trausti sem mér er sýnt og það eru mikilvæg verkefni framundan,” segir Dagur. Dagur er læknir að mennt og er einnig fjögurra barna faðir, með tvö börn á leikskólaaldri og tvö börn í Austurbæjarskóla. Hann spjallar við Vesturbæjarblaðið í tilefni af komandi kosningum

Þegar talið berst að verkefnum á döfinni í Vesturbæ og miðborg stendur ekki á svörum. „Viðbygging við Vesturbæjarskóla er að fara af stað og veitir ekki af. Það er barnasprengring í þessu vinsæla hverfi. Við höfum líka gert stóran samning við Minjavernd um endurgerð fjölda gamalla húsa. Eitt þeirra stendur á lóð Vesturbæjarskóla og verður notað til kennslu eftir endurgerð næsta haust, en flutt til að stækka leiksvæði barnanna þegar viðbyggingin er klár. Minjavernd hefur líka tekið að sér að gera upp steinbæinn við Holtsgötu, en áður hafði verið gert ráð fyrir að sjálfbóðaliðasamtök kæmu að því. Það varð umdeilt og með þessu móti getum við unnið betur að þessu máli og í sátt. Þetta verða ekki bráðabirgðaaðgerðir heldur full endurgerð. Það er líka spennandi að loksins klára endurgerð á Gröndalshúsi í Grjótaþorpi og gamli Norðurpóllinn fer á því sem næst upprunalegan stað, við Hlemm. Það hefur ekki verið ráðist í jafn myndarlegt átak í endurgerð gamalla húsa í Reykjavík lengi,” segir Dagur.

Heiti potturinn og karlaklefnir í Vesturbæjarlauginni

„Sundlaugaframkvæmdirnar hafa verið mjög áberandi á kjörtímabilinu. Við settum þær á dagskrá sem mannaflsrek atvinnuáttakverkefni sem þær jú voru. En í raun eru þetta ekki síður lífs-gæða og lýðheilsuverkefni. Ný heiti potturinn í Vesturbæjarlauginni er gott dæmi. Hann hefur slegið í gegn. Aðsóknin að lauginni hefur aukist um 50% frá því hann var opnaður. Við erum búin að taka kvennaklefnana í gegn og ákváðum að drífa í karlaklefnunum líka á þessu ári. Í sumar opnar svo nýtt kaffihús hinum megin við götuna sem við höfum veitt leyfi fyrir og verður spennandi að sjá hvernig það mun ganga. Mér fyndist svo spennandi að ræða hvort og hvernig við viljum nýta svæðið eða túnið í kringum laug-



Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs Reykjavíkurborgar og borgarstjóraefni Samfylkingarinnar.

ina til útivistar og samveru fyrir fjölskyldur og krakkana í hverfinu.“

Útílaug við Sundhöllina og stærra borgarbókasafn

Vesturbæingar eru reyndar ekki þeir einu sem hafa séð endurbætur á laugunum sínum. Nýlega var samþykkt skipulag sem byggir á verðlaunatillögu um nýja útílaug við Sundhöllina. Ekki ein einasta athugasemd barst við skipulagið. Verið er að fullhanna verkefnið og gætu framkvæmdir hafist næsta vetur.

„Sundlaugarnar í borginni eru bæði lífgæða og lýðheilsuáttak sem ég brenn fyrir. Við settum útílaug við Sundhöllina á fjárfestingaáætlun, þannig að ég get lofað því að hún verði að veruleika ef núverandi meirihluti fær áframhaldandi umboð,” segir Dagur. „Við erum líka með áform um að stækka borgarbókasafnið í Grófarhúsi. Þar er skemmtilegt tækifæri nú þegar við erum að fara að byggja upp lóðina við Tryggvagötu 13. Við erum að nýta bókasöfnun meira og meira sem allhliða og innihaldsríkar menningarmiðstöðvar,” segir Dagur og bætir við að með stækkuninni verði hægt að leigja út aðstöðu fyrir kaffihúsarekstur á jarðhæðinni og einnig verið með fundaherbergi eða upplestra eða leiklestra eða hvaðeina sem borgarbúum og starfsfólki safnsins dettur í hug.

Húsnæðismálin eru lykilmál

Húsnæðismálin eru að sögn Dags stærsta kosningamál Samfylkingarinnar fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. „Við leggjum mikið upp úr húsnæðismálum. Það verða allir að hafa öruggt þak yfir höfuðið. Við viljum einnig auka fjölbreytnina en til þess þarf að byggja 2.500 til 3.000 leigu- og búseturéttaríbúðir á næstu árum og því viljum við koma í verk.“

Athygli vekur að kosningamiðstöð flokksins er einmitt staðsett í miðju allra framkvæmdanna, rétt fyrir ofan Hlemm, á mótum Brautarholts og Stórhólts. „Á þessu svæði sést hvernig áherslur í uppbyggingu og húsnæðismálum geta nýst til að gefa úr sér gengnum svæðum andlitslyftingu og draga til sín aukna þjónustu. Svæðinu í kringum Hlemm hefur til dæmis ekki veitt af andlitslyftingu og ég bind miklar vonir við að uppbygging þar í kring verði bæði mikilvæg viðbót við íbúðamarkaðinn og muni hafa mjög jákvæð áhrif á umhverfið, verslun og þjónustu,” útskýrir Dagur og segir jafnframt að á meðal þess sem Samfylkingin leggur áherslu á í húsnæðismálum sé húsnæði á viðráðanlegu verði. Þá sé það afar mikilvægt að byggja upp góðan og traustan leigumarkað. „Við teljum að borgin verði sérstaklega að beita sér fyrir því að umtalsverður hluti þeirra íbúða sem rísa muni á næstu árum fari á leigumarkað. Þannig getum við unnið gegn frekari hækkunum á húsnæðismarkaði og gert hann heilbrigðari.“

Ekki fleiri hótél í miðborgina

Það vakti athygli þegar Dag-

ur sagðist vilja horfa til annarra hverfa en miðborgarinnar varðandi hótéluppbyggingu á næstu árum. „Aukin ferðaþjónusta er í grunninn góð, hún getur farið saman við gott mannlíf og getur skapað störf, verslun og viðskipti. Þetta sjáum við meðal annars á gamla hafnar svæðinu þar sem ferðaþjónusta, uppbygging og hefðbundin hafnsækin starfsemi hefur fléttast vel saman. Nú eru á áætlun 1.100 ný herbergi fyrst og fremst miðsvæðið og við höfum stutt mörg þeirra, meðal annars í gegnum skipulag. Það er vegna þess að ef það eru ekki byggð hótélherbergi þá skapast þrýstingur á leigumarkað.” Dagur útskýrir að dæmin sýni að ferðaþjónustan færi sig þá inn í íbúðahverfin sem eru miðsvæðis. „Þess vegna þurfum við að byggja hótél. En ég gaf reyndar líka mjög skýra yfirlýsingu um daginn að mér finnst nóg komið að hótéluppbyggingu í miðborginni. Ég vil frekar beina næstu bylgju inn á önnur svæði.“

Hann nefnir í því samhengi svæðið í kringum Borgartún, Kirkjúsand og svæði í kringum Grand Hótél. „Ég vil líka styðja við hótéluppbyggingu í nágrenna-sveitarfélögum. Það þýðir að við þurfum að hugsa, bæði sem borgar- og bæjaryfirvöld, að búa til

skemmtileg umhverfi í kringum þessi svæði,” segir Dagur.

Börnin í fyrirrúmi

„Málefni barnafjölskyldna okkur að sjálfsgöðu mjög ofarlega í huga. Við viljum passa upp á það að ekkert barn í Reykjavík þafi að eiga það algerlega undir efnum fjölskyldnanna hvort það geti farið í íþróttir eða tónlist. Við viljum hækka frístundakortið þess vegna, auka systkinaafslætti. Þannig að við leggjum áherslu á Reykjavík fyrir alla”, segir Dagur og heldur áfram, „og svona talandi um Reykjavík fyrir alla þá er ég þeirrar skoðunar að aðstaðan í öllum hverfum borgarinnar þurfi að vera góð. Þetta á við um aðstöðu til íþróttar- og útivistar, almenningsbókasöfn og sundlaugar. Við verðum líka að passa að enginn dragist aftur úr í gæðum skólustarfs eða annarri þjónustu. Þetta er mér metnaðarmál og ég held að í þessum skilningi séu allir borgarbúar jafnaðarmenn. Borgarstjórn gerir best þegar hún styður við þann kraft sem býr í hverfunum sjálfum.“

Næstu ár geta orðið góð

Dagur segist hreykinn af því sem unnist hefur síðustu ár og hefur afar jákvæða framtíðarsýn. „Borgin hefur staðist stór og erfið próf á undanförunum árum. Okkur hefur tekist að sigla út úr umröti og afleiðingum hrunsins. Þar eiga borgarbúar, fyrirtækin sem eftir standa og starfsfólk borgarinnar, ekki síst í skólum og velferð mikið hrós skilið. Í upphafi þessa kjörtímabils einhentum við okkur í að rétta við rekstur Orkuveitunnar sem stóð mjög tæpt. Við höfum komið fjármálunum á lygnari sjó og eigum heildstæða og spennandi framtíðarsýn í nýju aðalskipulagi Reykjavíkur. Og þessi framtíðarsýn er græn. Við eigum að standa vörð um náttúrperlur okkar og grænu svæðin.“

Fyrirmyndar borg

„Reykjavík á að vera fyrirmyndarborg til að ala upp börn og úrvals borg til að eldast. Við eigum að geta skapað spennandi framtíð fyrir nýjar kynslóðir þar sem gott er að reka fyrirtæki og börn eiga jöfn tækifæri óháð efnahag foreldra þeirra. Við höfum margt af þessu þegar og höfum lagt grunn að ennþá fleiru. Ég er því bjartsýnn á framhaldið og framtíðina og hlakka til að takast áfram á við verkefnið í borginni,” segir Dagur B. Eggertsson.“



Melabúðin
Þín verslun

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI:

511 1188

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Hjóladagur Vesturbæjar nýtur vinsælda



Þrautbrautin er sívinsæl.

Hjóladagur Vesturbæjar var haldinn í þriðja sinn laugardaginn 3. maí sl. og höfðu þeir sem mættir voru gaman af því sem var í boði, ekki síst þrautbrautinni sem höfðar sérstaklega til barnanna.

Fullorða fólkíð nýtti sér þetta tækifæri og lét kíkja á hjólin sín fyrir sumarið. Lögreglan lét sig ekki vanta, en hún er farin að vera með eftirlit í auknum mæli á reiðhjólum sem er frábær viðbót hjá þeim.

Við minnum alla á að fara varlega í umferðinni á hjólum sínum og hvetjum jafnframt alla til að nota reiðhjólahljálmi, því það hefur sýnt sig að hann hefur hjálpað þeim sem hafa lent í umferðaróhappi, jafnvel forðað stórslysi.

EHÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

Til hamingju KR-ingar!

Við óskum KR-ingum til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik karla árið 2014. Landsbankinn kappkostar að styðja við bakið á íslensku íþróttalífi og er stoltur bakhjarl körfuknattleiksdeildar KR.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Íbúasamtök Vesturbæjar funduðu með frambjóðendum



Þeir fulltrúar flokkanna sem voru mættir voru f.v.: Hjálmar Sveinsson Samfylkingunni, Björn Blöndal Bjartri Framtíð, Guðfinna Guðmundsdóttir Framsókn og flugvallavinum, Júlíus Vífill Ingvarsson Sjálfstæðisflokki, Þorleifur Gunnlaugsson Dögun, Sóley Tómasdóttir VG, Halldór Auðar Svansson Pírötum og Þorvaldur Þorvaldsson Alþýðufylkingunni.

Íbúasamtök Vesturbæjar buðu íbúum á fund samtakanna þann 19. maí sl. í Sögusafninu við Mýrargötu (Alliance húsinu). Þar voru forsvarsmenn flokkanna sem tóku þátt í umræðum og svöruðu fyrirspurnum.

Viðstaddir fengu að heyra álit þeirra sem sátu fyrir svörum á þeim málum sem helst brenna á borgarbúum og heyra álit þeirra á samráði og samráðsferli borgaryfirvalda og íbúa í skipulagsmálum. Flokkunum var boðið upp á að hútskýra stefnu þeirra og áform sem tengjast beint Vesturbænum og borgarskipulagi Reykjavíkur almenn.

Íbúasamtökin leituðu m.a. eftir svörum við því hvort þeim þyki samráðið við íbúa viðunandi eins og því er háttáð nú, eða finnst þeim að auka ætti samráð og veita íbúum aukin áhrif? Hver er skoðun þeirra á því að íbúar hverfisins eigi kjörinn fulltrúa í Hverfisráði? Hvernig sjá þeir

Hverfisskipulagsvinnuna þróast?

Á fundinum var m.a. rætt um þéttingu byggðar í Vesturbænum og Miðborginni, einkallega með tilliti til hvernig skal styrkja innviði hverfisins eins og þjónustu, skóla, atvinnustarfssemi, öryggi barna og gangandi, samgöngur og bílastæði, íþróttastöðu, frístunda- og útivistar-svæði. Við viljum einnig heyra álit þeirra á fjölda gistirýma og hótela í hverfinu.

Svo eru fleiri mál sem Íbúasamtök Vesturbæjar hafa verið að ræða, s.s. félagsheimili fyrir hverfið, ósk um íbúakjarna fyrir fólk með þroskahömlun, staðsetningu Rússneskrar rétttrúnaðarkirkju, tengsl Vesturbæjar við höfnina, fyrirhugaðri byggð við sjóinn sem og hvernig yfirvöld eiga að standa að slíkum framkvæmdum. Fundurinn var þökkalega sóttur og greinilegt að margir vildu munnandi skoðanir frambjóðenda á hinum ýmsum málefnum.

[Vesturbæjarblaðið](#) www.borgarblod.is



Legið yfir leikfléttu, eða hvað?

Melaskóli vann Vesturbæjarbiskupinn

Föstudaginn 9. maí sl. var haldið skákmót í Hagaskóla sem heitir „Vesturbæjarbiskupinn“ og er skipulagt af Þjónustumiðstöð Vesturbæjar með aðstoð Skákakademiunnar. Styrktaraðili mótsins er Melabúðin.

Skákmót þetta er komið til að vera, enda eykst áhuginn á því ár frá ári sem sýnir sig ekki síst

í auknum fjölda keppenda. Í ár voru hátt í 50 keppendur. Skákmót þetta er eingöngu fyrir nemendur grunnskólanna en keppt er í þremur flokkum; 1.-3. bekkur, 4.-7. bekkur og 8.-10. bekkur. Þetta skákmót er fyrst og fremst hugsað fyrir nemendur í Vesturbæ, en sl. tvö ár hafa nemendur úr öðrum hverfum látið sjá sig,

sem er bara sjálfsagt mál og sýnir vaxandi áhuga á skákíþróttinni. Á þetta skákmót eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Að auki er einnig keppt um bikar, en þann bikar fær sá skóli sem sendir flesta keppendur og í ár var það líkt og í fyrra, Melaskóli, sem bar sigur úr bítum.



Hópurinn sem tók þátt í skákmótinu.



Komdu og njóttu

20% afsláttur af mat ...

... alla daga sem meistaraflokkur KR spilar á heimavelli.



RESTAURANT-BAR

Vesturgata 3B | 101 Reykjavík
Sími 551 2344 | www.tapas.is

Gildir eingöngu á heimaleikjadögum gegn framvísun miðans.

Við ætlum að taka til hendinni

- Við ætlum að lækka leigu og húsnæðisverð með auknu lóðaframboði.
- Við ætlum að efla heimaþjónustu eldri borgara og bjóða upp á aukið val um þjónustu.
- Við ætlum að breyta skólakerfinu og setja nemandann í fyrsta sæti.
- Við ætlum að stuðla að alvöru íbúasamráði, að hlustað sé á borgarbúa og óskir þeirra.
- Við ætlum að bæta þjónustu í hverfum borgarinnar og leyfa allri borginni að blómstra.
- Við ætlum að lækka skatta.
- Við ætlum að taka til hendinni, þrifa, slá grasið, sinna viðhaldi og hugsa vel um borgina okkar.
- Við ætlum að tryggja foreldrum val á milli dagvistunarleiða. Að fé fylgi barni hvort sem er að ræða þjónustu hjá dagforeldri, leikskóla eða nærfjölskyldu.
- Reykjavíkurlflugvöllur er í Vatnsmýrinni og verður um fyrirsjáanlega framtíð.

Kynntu þér öll stefnumálin okkar á xdreykjavik.is og kjóstu dásamlega Reykjavík



xD Dásamlega Reykjavík

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík

Verðum að ná sátt um Reykjavíkurflugvöll



Með því að gera þessar breytingar á Reykjavíkurflugvelli eins og myndin sýnir ætti að vera hægt að ná fullri sátt um flugvöllinn.

Framtíð Reykjavíkurflugvallar hefur verið til umræðu að undanföngu. Þar togast á tvennskona sjónarmið. Annars vegar að völlum standi á svo dýrmætu byggingarlandi að hagkvæmt geti talist að taka landið undir íbúðabyggð líkt og Norðmenn gerðu þegar þeir lögðu niður Fornebu flugvöll, sem var inn í Osló og fluttu alla flugstarfsemi þaðan til Gardemoen nokkru fyrir norðan borgina. Andstætt sjónarmið er að flugvöllurinn sé svo mikilvægur bæði fyrir borg og landsbyggð að ekki komi til mála að leggja hann niður og of kostnaðarsamt yrði að byggja nýjan flugvöll í nágrenni Reykjavíkur fyrir innanlandsflug og aðra flugstarfsemi sem ekki telst til millilandsflugs. Þá vakna spurningar um hvort finna megi millileið. Hvort breyta megi Reykjavíkurflugvelli á þann hátt að notagildi hans skerðist lítið sem ekkert en aukið landrými fái til íbúðabygðar. Ómar Ragnarsson flug- og fréttamaður er meðal þeirra sem talað hafa fyrir málamiðlun sem sameinar kröfur um aukið landrými undir byggð en einnig flugvöllurinn haldi notagildi sínu. Hann spjallar við Vesturbæjarblaðið af því tilefni.

Ómar segir forsendur þess að auka landrými til nýbygginga án þess að skerða möguleika flugstarfseminnar séu að þar verði

tvær brautir sem liggja sem næst í kross og komi í staðinn fyrir tvær núverandi, brautir, norður suðurbrautina og litlu neyðarflugbrautina. „Það þarf að lengja suðvesturbrautina, sem stundum er kölluð litla brautin út í sjó. Til þess þarf að rífa fjögur eða fimm hús en einnig mætti skekkja brautina aðeins en það myndi kosta einhverja fjármuni. Suðvesturbrautin er lífsnauðsynleg fyrir flugumferðina vegna þess að við búum á vindasvæði þar sem hvöss suðvestan átt er algeng. Í framhaldi af því þyrfti að lengja austur vesturbrautina út í Skerjafjörð. Með því yrði stóra norður suður brautin óþörf og hægt að leggja hana niður. Allt lágflug yfir Kvosina myndi leggjast af og einnig fást mikið byggingaland án þess að raska eða draga þyrfti úr þeirri flugstarfsemi sem nú fer fram á Reykjavíkurflugvelli. Þannig gæfist færi á stórum íbúðahverfum á austurhluta flugvallarsvæðisins.“ Ómar bendir á máli sínu til stuðnings að flugvöllurinn í Brándheimi í Noregi hafi verið lengdur út í sjó með samskonar hætti og hann sé að tala um í Reykjavík. „Með þessu tel ég að höggva mætti á hnútinn í flugvallardeilunni. Með þessum breytingum fengist mikið landrými undir íbúðabyggð án þess að notkunarmöguleikar flugvallarins myndu skerðast. Ég tel kost að halda öllum flugbrautum þremur en lít einnig svo á

að við verðum að finna leið sem sameinað getur sjónarmið þeirra sem vilja byggja á öllu flugvallarsvæðinu og hinna sem vilja halda flugstarfseminni áfram að mestu í óbreyttu formi.“

Vorum sjálf búin að finna flugvallarstæði

Talið berst að upphafi Reykjavíkurflugvallar og af hverju honum hafi verið valinn staður í Vatnsmýrinni. Ómar segir þann misskilning nokkuð útbreiddan að Bretar hafi valið þetta flugvallarstæði í upphafi síðari heimstyrjaldarinnar. „Það rétta er að búið var að skipuleggja flugvöll í Vatnsmýrinni og framkvæmdir hafnar við gerð hans þótt í smáum stíl væri. Við áttum enga fjármuni til flugvallargerðar á þessum tíma og því fóru þessar framkvæmdir hægt af stað og hefðu eflaust tekið langan tíma hefðu Bretarnir ekki komið. Þeir tóku bara við staðsetningu og skipulagi sem þegar var búið að ákveða. Við vorum sjálfir búnir að finna út hversu hagstætt þetta svæði væri til flugsamganga og því lá beint við að vinna úr þeim hugmyndum þegar Breta vant að flugvöll á stríðstímum. Það var ekki fyrir en Bandaríkjamenn komu hingað að farið var að horfa víðar og Keflavíkurflugvöllur varð til.“

Eins og að aka tvisvar fyrir Hvalfjörð

Ómar vísar því næst að ferðaleiðinni í lofti. Hann segir að ferðaleiðin frá og til Reykjavíkur lengist um allt að 170 kílómetra eða um 85 kílómetra hvora leið yrði innanlandsflugið flutt frá Reykjavík til Keflavíkur sem samsvari því að á jörðu niðri þyrfti aka fram og til baka fyrir Hvalfjörðinn áður en farið yrði inn í Hvalfjarðargöngin úr hvorri áttinni sem komið væri. Við það bætist mun lengri liðir frá flugstöð að flugtaksbraut á Keflavíkurflugvelli og Fokker flugvél með sín 5000 hestöfl sé ekki hagkvæmt ökutæki á jörðu niðri. Því sé sú mikla samgöngubót sem í Hvalfjarðargöngunum felist aðeins hálfdrættingur á við að hafa innanlandsflugið í Reykjavík en ekki í Keflavík. Ómar vísar að Bránd-



Ómar Ragnarsson í kunnuglegri stöðu við flugvél.

heimi í Noregi og hvernig flugvallarmálin hafa verið leyst þar. Flugvöllurinn í Brándheimi er á Værnes um 19 kílómetrum innan við miðbæ Brándheims og er flugbrautin að hluta til byggð út í sjó. Ómar segir byggðirnar í Brændalögum og aðstæður þar einna líkastar því sem gerist hér á landi og því eðlilegt að við skoðum þeirra lausnir. „Ég fór upphaflega til Brándheims til þess að kynna mér uppbyggingu sjúkrahúsa í Noregi en þegar ég sá flugvallarstæðið og aðstæður þar fór ég að bera það saman við Reykjavíkurflugvöll og íhuga hvort þær leiðir sem þar voru farnar gætu á einhvern hátt skapað sátt um áframhaldandi flugstarfsemi á Reykjavíkurflugvelli.“

Nýr flugvöllur yrði að geta þjónað sem varavöllur

Ómar segist ekki átta sig á hvers vegna ekki megi bíða eftir niðurstöðu nefndar sem skipuð hafi verið um flugvallarmálið áður en ráðist verði í ákvarðanatöku um breytingar. Hann kveðst telja að íhuga verði þetta mál mjög vandlega. „Ég sé ekki fyrir sér að öll flugstarfsemi verði flutt frá Reykjavík og ég tel með öllu óraunhæft að tala um byggingu nýs flugvallar fyrir innanlandsflug um sinn. Til þess eru engir fjármunir og slíkur völlum yrði einnig að geta þjónað sem varavöllur fyrir Keflavíkurflugvöll.“

Egilsstaðaflugvöllur ófullnægjandi varavöllur

Egilsstaðaflugvöllur sem gjarnan er nefndur sem varavöllur fyrir millilandaflug á Íslandi. Ómar segir að þá gleymist gjarnan að taka legu landsins með í reikninginn. „Við erum hér út í ballarhafi langt frá meginlöndum og það þýðir auknar kröfum um varaflugvöll. Það þarf að vera hægt að fljúga stórra farþegaþotu á öðrum hreyflinum á tilteknum tíma að varaflugvelli – tíma sem er bundinn í reglur. Þessi tími næst ekki á milli Keflavíkur og Egilsstaða

Með því yrði stóra norður suður brautin óþörf og hægt að leggja hana niður. Allt lágflug yfir Kvosina myndi leggjast af og einnig fást mikið byggingaland án þess að raska eða draga þyrfti úr þeirri flugstarfsemi sem nú fer fram á Reykjavíkurflugvelli. Þannig gæfist færi á stórum íbúðahverfum á austurhluta flugvallarsvæðisins.

vegna þess að slík vél nær ekki nægilegum hraða til að standast ýtrustu tímakröfur.“ Ómar segir að þegar öll atriði séu lögð saman sjái hann ekki fyrir sér að hægt verði að afleggja Reykjavíkurflugvöll. Alla vega ekki í bráð. „Þess vegna er mikilvægt að finna leiðir til þess að ná sátt í málinu. Sátt sem myndi byggja á áframhaldi flugstarfsemi en einnig að hægt verði að taka hluta af því landrými sem nú telst vera flugvallarsvæði undir aðra mannvirkjagerð. Ég tel það vera hæg og ein leiðin til þess er sú sem sú sem ég hef verið að lýsa. Ég veit að það eru fleiri á þessari skoðun og allur flumbrugangur í málinu er til skaða. Ég sé ekki fyrir mér að Keflavíkurflugvöllur taki við allri þeirri starfsemi sem er á Reykjavíkurflugvelli jafnvel þótt samgöngur við Keflavík myndu batna. Þess vegna verður að finna aðrar leiðir. Ég tel mig hafa bent á eina þeirra.“



Flugvöllurinn í Brándheimi sem lengdur var út í sjó gæti verið góð fyrirmynd fyrir Reykjavíkurflugvöll.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



Síminn og Macland í sterkara sambandi

www.siminn.is

Það er gott að eiga Macland að í miðbænum

Viðskipavinir Símans geta nú fengið alla okkar fjölbreyttu þjónustu hjá starfsmönnum Macland á Laugavegi 17. Þar munu vanir menn veita þér öfluga þjónustu er varðar farsíma, net, heimasíma og Sjónvarp Símans.



Macland er eina Apple búðin í miðbænum. Þar færðu enn fremur startpakka fyrir farsíma og NetFrelsi.

Einsdæmi í sögu Reykjavíkur

Einsdæmi mun vera að flokkar sem mynda meirihluta í borgarstjórn fellu eigin tillögu en það gerðist á fundi borgarráðs fyrr í mánuðinum. Þá var samþykkt einróma að fella tillögu um hverfisSKIPULAG fyrir flest hverfi borgarinnar. Tillagan var tekin til atkvæðagreiðslu að kröfu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

„Okkur fannst óásættanlegt fyrir borgarbúa að fá ekki skýr svör um framhaldið enda munu ýmsar tillögur sem settar voru fram hafa veruleg neikvæð áhrif á verðmæti eigna og þar með ævisparnaðinn á mörgum heimilum. Mér finnst þetta hafa verið ákveðinn sigur fyrir borgarbúa sem margir brugðust hart við. Einn virðulegur öldungur sagði að vesturbæingar hafi orðið agnodoða þegar þeir sáu tillögurnar og ég held að það hafi lýst afstöðu margra. Ég vona að á bak við afgreiðsluna í borgarráði hafi búið sannur vilji til þess að snúa af þessari leið“, segir Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í viðtali við Vesturbæjarblaðið.


Hann bendir á að í hverfisSKIPULAGinu sé gert ráð fyrir uppbyggingu á lóðum fjölbýlishúsa þar sem nú eru leiktækir fyrir börn, sandkassar og rólur. „Slík vinnubrögð eiga sér ekki fordæmi í sögu borgarinnar. Það furðulega er, að það var hvergi bankað upp á og spurt hvort eitthvað af þessu tagi gæti hagnast þeim sem þarna búa og eiga lóðirnar“, segir Júlíus Vífill sem bætir jafnframt við: „Húseigendur lásu bara um þessi áform í blöðunum. Með því að leggja fram slíkar skipulagstillögur er stigið fyrsta skrefið í lögbundnu skipulagsferli og það hefur afleiðingar. Þessi gögn eiga að endurspeglja áherslur og stefnu sveitarstjórnar. Þeir stjórnsmálameð hafa haldið því fram að undanförunu að lýsingarnar séu bara einhvers konar hugmyndasafn eru einfaldlega að segja ósatt“, segir Júlíus Vífill.

Auknar líkur á slyshættu og mengun

Júlíus Vífill telur að sú stefna að þröngja að stofnbrautum og vísa bílaumferð inn í íbúðahverfi aukí á slyshættu og mengun. „Það er lagt til að bílum verði hleypt inn í íbúðahverfi í Vesturbænum og



Júlíus Vífill Ingvarsson, staddur við Birkimel.



Uppdráttur úr hverfisSKIPULAGSvinnunni. Rauðu kassarnir eru byggingar m.a. við Birkimel.

opnað verði fyrir akstur um götur sem hafa verið lokaðar í áratugi jafnvel í hálföld. Götonum var lokað til tryggja öryggi barna. Ég verð að viðurkenna að ég skil ekki tilganginn með þessu.“

Júlíus Vífill bendir á að það sé æskilegt að þetta byggð en það þurfi að taka tillit til margra þátta.

Á síðasta kjörtímabili hafi verið unnið að skipulagi á þéttingareitum sem síðan var haldið áfram með á þessu kjörtímabili. „En ef þétting byggðar á hins vegar að byggjast á því að taka lóðir af fólki til að byggja á þeim þá er sú stefna komin í ógöngur“, segir Júlíus Vífill Ingvarsson.



Frá afmælistónleikum nemenda DoReMi í Salnum.

Tónlistarskólinn DoReMi hefur starfað í 20 ár

Sex vortónleikar tónlistaskólans DoReMi voru í Neskirkju sl. laugardag í Neskirkju. Mánudaginn 26. maí nk. verða svo skólaslit, einnig í Neskirkju, en tónlistarskólinn hefur starfað í 20 ár. Boðið verður m.a. upp á 400 manna tertu. Skólastjóri er Vilberg Viggósson.

SALON REYKJAVÍK

NÝJA SUMARLÍNAN 2014
HAUTE COIFFURE FRANÇAISEER
KOMIN Í HÚS. VERIÐ VELKOMIN.

SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐI 5 101 REYKJAVÍK
OPIÐ MÁN-FÖS: 9-18 LAU: 10-13 SÍMI: 56 85 305

www.borgarblod.is

Ræstingar / Teppahreinsun
Steinteppahreinsun / Bónvinna
Meðhöndlun Náttútusteins
Hreingerningar / Flutningsþrif
Húsfélagþjónusta ofl.

Ræsting og Ráðgjöf ehf

Alhliða hreingerningaráþjónusta
S. 519 7500 • 770 4630
www.clean.is

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

VÍS



Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk

nettó

Kræsingar & kostakjör

Nýtt
kortatímabil

KJÚKLINGABRINGUR
DANSKAR 900 GR
POKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.698,-

1.290,-



HVÍTLAUKSVÆNGIR
MAGNPAKNING
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 698,-

398,-

-43%

KJÚKLINGALEGGIR
BBQ
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.098,-

659,-

-40%



LAMBAFILE
M/FITURÖND
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 4.989,-

3.991,-

Kjötbankinn

LAMBARIF
FRABÆR Á GRILLIÐ
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 894,-

599,-

-33%



PAPRIKA
RAUÐ
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 458,-

229,-

-50%

LKL BRAUÐ
NYBAKAÐ
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 698,-

489,-

-30%

LJÚFFENGAR SNAKKPIZZUR FRÁ NICE'N EASY - PEPPERONI, MOZZARELLA EÐA SKINKU



-25%

NICE'N EASY
SNAKKPIZZUR
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 199,-

149,-

LKL RÚNSTYKKI
NYBAKAÐ
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 179,-

90,-

-50%

Tilboðin gilda 22. – 25. maí 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



- SUMARIÐ



Karalið KR sumarið 2014. Þeir urðu Íslandsmeistarar sl. haust og hyggjast verja þann titil með oddi og egg. Þjálfari er Rúnar Kristinsson og aðstoðarþjálfari Pétur Pétursson.



Kvennalið KR sumarið 2014, en það leikur nú annað árið í 1. deild, en ætlar sér að sjálfsögu að komast upp í úrvalsdeild kvenna í sumar. Þjálfari er Björgvin Karl Gunnarsson.

ÁFRAM KR!


Þjálfarar, fyrirliðar og forsvarsmenn liðanna í PEPSI-deildum karla og kvenna hittust fyrir skömmu í Ölgerðinni þar sem birt var spá þjálfara og fyrirliða þessara liða um gengi þeirra á komandi sumri. Íslandsmeisturum KR var spáð sigri í sumar en FH 2. sætinu. Fleiri lið gætu blandað sér í þá baráttu, m.a. Breiðablik og svo hafa nýliðar Fjölnis í deildinni byrjað knattspyrnuvertöina af miklum krafti. Hinir nýliðarnir, Vikingur Reykjavík, gefa örugglega ekki tommu eftir.

Áhugi á KR-liðinu er alltaf mikill en það er margt annað í gangi í KR þó svo að ekki beri eins mikið á því. Félagið sinnir gríðarlega mikilvægu félags-, uppeldis- og ekki síður forvarnarhlutverki fyrir hverfið. KR svæðið tekur á móti stærstum hluta barna og ungmenna Vesturbæjar í hverri viku og hefur gert í rúma öld. Vesturbærinn hefur orðið útundan í uppbyggingu Reykjavíkurborgar undanfarin ár hvað varðar íþróttaupbyggingu í hverfinu. Á sama tíma og önnur íþróttafélög hafa komið upp glæsilegri aðstöðu

og mikil uppbygging hefur verið í öðrum hverfum borgarinnar hefur ekkert komið í staðinn fyrir aðstöðuna sem Vesturbærinn hefur misst. Skorað er á borgaryfirvöld nú í aðdraganda borgarstjórnarkosninga að sinna þörfum „Vesturbæjarstórveldisins“ eins og félagið og KR-ingar eiga skilið.

Áfram KR!

Mætum á völlinn í sumar og styðjum KR til sigurs!



Miðborgarstemning á UNO - matur og vín á góðri stundu



Kokkarnir á UNO kunna svo sannarlega að færa íslenskt úrvalshráefni í miðjarðarhafsbúning og þessi notalegi veitingastaður í hjarta borgarinnar skapar fallega umgjörð fyrir stefnumót og góðra vina fundi. Glas af prosecco gleður á undan máltíð sem svikur engan, enda UNO búinn að skipa sér í fremstu röð veitingahúsa í Reykjavík.



Eldhúsið er opið

17:00 til 23:00 sunnudaga til fimmtudaga
17:00 til 00:00 föstudaga og laugardaga



Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

MASI CAMPOFIORIN - Ítalía - Veneto

Kirsuberjarautt. Meðalfylling, ósætt, fersk sýra, mild tannin. Þurrkaðir ávextir, kirsuber, krydd, vanilla.

PICCINI MEMORO - Ítalía - 4 þrúgur frá 4jum hornum Ítalíu

Dökkubínrautt. Þétt fylling, þurr, fersk sýra, þroskuð tannin. Sælgætiskennundur berjablámi, vanilla, eik.

Nauta- og chilirigatone

Hægeldaðir nautaskankar, sveppir, parmesan, pikklaður chili.

Lystugt og ljúffengt

Íslenskir karlmenn elska þessa hægelduðu nautaskanka með fersku pasta og kröftugt bragðið af sveppum og chili kallar á ljúfa Memoro rauðvínið frá Piccini.




Fjölbreytt sumarstarf hjá Frosta

Félagsmiðstöðin Frosta verður með sumarstarf í boði með sérstöku sniði sem ber heitið Frosta á Hjólum og verður starfið frá 10. júní - 4. júlí.

Verkefnið var tilraunaverkefni seinasta sumar og bar þá nafnið Félagsmiðstöð á Hjólum og gekk það vel og því viljum við láta reyna á verkefnið í annað sinn. Frosta á Hjólum er færanleg félagsmiðstöð þar sem starfsmenn ferðast um á sendibíreið og í bílum má finna helstu grunnafþreyingartæki sem finna má í flestum félagsmiðstöðvum. Bíllinn hefur sína föstu þrjá staði í viku þar sem hann verður staðsettur á ákveðnum tíma en inn á milli þess getur hann sprettið upp hvar sem er og hvenær sem er. Hugmyndin er að hafa færanlega félagsmiðstöð og markmiðið er að nálgast þá krakka sem ekki eru að nýta sér félagsmiðstöðina á sumrin sem og að nálgast krakkana í þeirra umhverfi. Frosta á Hjólum er starfrækur alla virka daga frá 09:00 - 16:00 nema á miðvikudögum þá frá 14:00 - 23:00.

Sérstakt hópstarf fyrir 8. bekkina

Sérstakt hópstarf verður fyrir



Skemmtilegt plaggat sem kynnir starfseminna.

unglinga sem eru að klára 8. bekk og fer starfið fram Frosta (Hagskóla) alla þriðjudaga og fimmtudaga frá 14:00 - 16:00. Markmiðið með því er að þeir unglingar sem ekki eru farnir að vinna eða annað geti haft eitthvað fyrir stafni í sumar og mun dagskrá hópstarfsins verða unnin í samráði við hópinn.

Krakkar frá Odense í Danmörku í heimsókn í Frostaskjóli

Grunnskólanemendur frá Odense í Danmörku voru nýlega í heimsókn í Frostaskjóli, þar sem þau hittu jafnaldrá sína og áttu með þeim skemmtilega daga.

Áður höfðu Danirnir skropið upp á Akranes og átt þar góðan tíma með sínum jafnöldrum af Skaganum.



Danir njóta hvíldar í Frostaskjóli.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188 / 895 8298

www.borgarblod.is



HVERNIG VILT ÞÚ FORGANGSRÁÐA?

RAUNHÆF ÁÆTLUN TIL FJÖGURRA ÁRA:

- Borgin greiðir nú þegar 32 milljarða á ári (90%) en foreldrar 3 milljarða (10%) – stígum skrefið til fulls
- Hækkum framlög til skóla- og frístundasviðs um 750 m.kr á ári (0,9% af heildartekjum borgarsjóðs)
- Lækkum gjaldskrár um 25% á ári

Upprættum fátækt og misskiptingu í samfélaginu.
Aukum ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna.

Kynntu þér málið á www.gjaldfrlsi.is ■ Finndu okkur á Facebook (Vinstri græn borg)

JÖFNUÐUR ER RÉTTLÆTI



VILTU KOMAST AÐEINS ÚT ÚR BÆNUM?



Lífræna Systrasamlagskaffið með lífrænni mjólk. Borið fram í niðurbjótanlegum umbúðum. Það gerist ekki betra!



Nærandi sálarfæða Systrasamlagsins; samlokur, þeytingar, skot, croissant og margt fleira.



Sápurnar frá Dr. Bronner eru 100% náttúrulegar, lífrænar, ilma dásamlega, fair trade og henta allri fjölskyldunni.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Við sundlauginu og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367



AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 9 - 18
Laugardagar 10 - 16

BÚUM TIL BETRI BORG FYRIR ALLA



FRAMSÓKN
og **FLUGVALLARVINIR**



- Við styrkjum úthverfin og virkjum raunverulegt íbúalýðræði. Við hlustum.
- Skólakerfið þarf á okkur að halda, forgangsröðum peningum í menntun.
- Eldri borgarar fá 20.000 króna frístundakort.
- Endurskoðum samþykkt aðalskipulag og forðumst steinklumpaásýnd borgarinnar.
- Forðumst skipulagsmistök á hafnarbakkanum og í Laugardalnum..
- Lækkum leiguverð, fjölgum félagslegum og almennum íbúðum. Aukum lóðarframboð.
- Við virðum vilja 70% Reykjavíkinga sem vilja flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni.
- Kynnið ykkur nánar málið á facebooksíðu Framsóknar og flugvallarvina.

N1 á Ægisíðu hefur tekið breytingum

N1 stöðin á Ægisíðu hefur tekið breytingum og nú er öll starfsemi komin undir eina stjórn. Stöðvarstjóri er Einar Sveinbjörnsson.

Starfsemi dekkja- og smur-stöðvarinnar verður óbreytt, en vöruval í versluninni dregst saman, margar vörutegundir sem voru þar voru lítið að hreyfast. Auk þess verða allir viðskiptavinir stöðvarinnar agreiddi þar og þar fá þeir viðskiptavinir sem eru að bíða þeftir þjónustu, s.s. dekkjaskipti eða láta smyrja, kaffi og eitthvað lesefni. Opnunartíminn breytist einnig, opið er frá kl. 08.00 til 18.00 mánudaga til föstudaga, frá kl. 09.00 til 13.00 á laugardögum en lokað á sunnudögum. Einar Sveinbjörnsson segir að vonandi falli Vesturbæingum þessar breytingar á rekstri N1-stöðvarinnar vel í geð og nýti sér þjónustu stöðvarinnar.



Einar Sveinbjörnsson stöðvarstjóri fyrir framan stöðina.

Myndlistaskólinn í Reykjavík: Áslaug Thorlacius ráðin skólastjóri

Áslaug Thorlacius hefur verið ráðin skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík.

Áslaug hefur lokið BA námi í myndlist og í rússnesku auk þess að hafa lokið kennaraprófi frá Listaháskóla Íslands. Hún starfaði við Myndlistaskólann 2001 – 2003 og leysti af við deildarstjórn síðast liðið ár. Áslaug starfaði sem framkvæmdastýra samtaka um kvennalistann og var framkvæmdastjóri Sambands íslenskra myndlistamanna til ársins 2009 þar sem hún vann ötullega að réttindamálum myndlistamanna. Áslaug hefur farsæla reynslu af kennslu í grunnskóla og háskóla þar sem hún hefur kennt myndmennt og rússneska listasögu. Auk þess hefur hún haldið vel á annan tug einkisýninga, skrifað myndlistagagnrýni í DV og einnig unnið við þýðingar.

Stjórn skólans telur að margháttuð reynsla Áslaugar af kennslu, menningar- og félagsmál-



Áslaug Thorlacius.

um í þágu myndlistar, ásamt einbeittum áhuga og ríkulegri þekkingu á mikilvægi sjónlistnáms, verði skólanum mikill akkur á komandi árum. Áslaug tekur við starfi skólastjóra 1. júní nk. af Ingibjörgu Jóhannsdóttur sem hefur starfað í Myndlistaskólanum síðast liðin 18 ár, þar af sem skólastjóri í 8 ár. Ingibjörg tekur við starfi skólastjóra Landakotsskóla í vor.

Rúnstykki á 50 krónur

Alla daga!



Opið virka daga frá 07:30 til 18:00 og um helgar frá 08:00 til 17:00

Bernhöftsbakarí ehf. | Bergstaðarstræti 13 | Sími: 551-3083

Vellíðan á Snýrtistofunni

Eiðistorgi



er ómissandi í lífinu

551 23 23

VANTAR ÞIG RAFVIRKJA?

ENDURNÝJUN ELDRI LAGNA // NÝLAGNIR
LJÓSLÉIÐARLAGNIR // TÖFLUSKIPTI
DYRASÍMALAGNIR // SJÓNVARPSLAGNIR
INNI OG ÚTILÝSING // GARÐALÝSING
LJÓSAHÖNNUN // RÁÐGJÖF // O.FL.

FLJÓT OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

RAFSPOR

PÁLL EINAR KRISTINSSON // LÖGGILTUR RAFVERKTAKI
894.2519 RAFSPOR@SIMNET.IS

Borg fyrir börn

Samfylkingin leggur áherslu á húsnæðismál og málefni barnafólks í borgarstjórnarkosningunum. Þar veða þungt skóla- og frístundamál enda renna um 40% af útgjöldum borgarsjóðs til þeirra mikilvægu mála. Mikilvægustu verkefni skólamála eru bætt kjör kennara í leikskólum og grunnskólum, nemendamiðað skólustarf sem tekur mið af hæfileikum og áhugasviði hvers og eins og aukinn stuðningur við innra starfið í skólunum, m.a. með snemmtækri íhlutun í þágu nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Við viljum hækka frístundastyrkinn um ríflega helming á kjörtímabilinu – í 50 þúsund krónur með hverju barni og auka systkinaafslætti þannig að foreldrar sem eru með börn bæði á leikskóla og í frístundastarfi grunnskóla njóti afsláttarins. Það mun auka ráðstöfunartekjur þeirra um 80-100 þúsund krónur á ári eftir fjölda barna og aldris þeirra, og munar um minna.

Yngsta aldurshópin á sama tíma og við styrkjum samstarfið við dagforeldra, en þeir veita mikilvæga þjónustu, sem foreldrar kunna vel að meta. Við viljum taka yngri börn inn í leikskólana í áföngum, með það að markmiði að börn komist að haustið sem þau verða 18 mánaða.

Þá viljum við efla enn frekar frístundastarfið í borginni og jafna aðgengi barna að frístundastarfi, þar með talið barna af erlendum uppruna.

Skóla- og frístundamál eru undirstaða velferðar í samfélaginu því þar getum við skapað börnum jöfn tækifæri til að blómstra sem sterkir skapandi einstaklingar.



Skúli Helgason.

Skúli Helgason
í 5. sæti Samfylkingarinnar í Reykjavík

Brúum bilið

Mikil eftirspurn er eftir fleiri úrræðum fyrir ungbarnafjölskyldur í borginni og er nauðsynlegt að fjölga leikskólalássum fyrir



Bókaðu daginn í Borgarbókasafni

RITSMÍÐJUR fyrir 9-12 ára

Boðið verður upp á ritsmíðjur dagana **10.-13. júní**. Smíðurnar eru í um tvær klukkustundir daglega. Tilgangurinn er að fá börnin til að virkja sköpunarkraftinn og koma hugsunum sínum á blað. Starfsmenn og rithöfundar leiðbeina.

Skráning hefst 19. maí. Engin þátttökugjöld.

SUMARLESTURINN hefst 1. júní

Við lesum í allt sumar! Þegar barnið fær lánaða bók fylgir henni miði sem börnin fylla út og skila til safnsins. **Verðlaun!** - ein bókaverðlaun verða veitt vikulega og í lok sumars fær einn þátttakandi vegleg verðlaun.

BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR



Aðalsafn, Tryggvagötu 15
s. 411 6100, borgarbokasafn@borgarbokasafn.is
Afgreiðslutími:
Mán-fim 10-19. Fös 11-18. Lau og sun 13-17

www.borgarbokasafn.is
www.bokmenntir.is - www.bokvit.tumblr.com - www.artotek.is

Mikilvægt að ungmennahús sé starfrækt

Í aprílmánuði var ungmennahúsið Jökla opnað. Jökla er nýr armur Frostasjóls þar sem ungt fólk á aldrinum 16-18 ára er boðið velkomið, en ungmennaráð Vesturbæjar hefur undanfarna mánuði unnið að opnun Jöklu. Allt starf Jöklu er skipulagt af húsráði Jöklu, sem er skipað unglíngum úr hverfinu. Húsráðið skipuleggur margvíslega viðburði, en viðburðir Jöklu eru þó ekki allt. Aðstaðan í Jöklu býður nefnilega upp á svo margt fleira. Sem dæmi má nefna hljóð- og myndvinnsluforrit í öfluggu tölvunni okkar auk fundar- og lærdómsaðstöðu sem nýtist til ýmissa verkefna og stúdíóið okkar hefur nýst til þess að taka upp lag, svo að möguleikarnir eru aðeins takmarkaðir við ímyndunarafli unglínganna sem sækja starfsemi Jöklu. Einnig hefur



Sverrir Arnórsson.

ungmennaráð Vesturbæjar unnið að stuttmynd um femínisma, styrkta af Evrópu unga fólksins,

en aðstaða Jöklu hefur nýst vel til að vinna að myndinni.

Mér finnst mjög mikilvægt að ungmennahús eins og Jökla séu starfrækt í sem flestum hverfum, því að Jökla tekur á móti þeim sem finna sig kannski ekki endilega í félagslífi menntaskólanna, en er líka einnig fyrir þá sem ekki sækja menntaskóla. Það þarf líka svona aðstöðu fyrir margt sem að menntaskólarnir bjóða ekki upp á.

Ég vona að Reykjavíkurborg sjái hag sinn í að styðja starf ungmennahúsa til lengri tíma, því að núna stýður hún bara við starfsemi Jöklu í eitt ár í senn, en starfsemi er svo sannarlega mikilvæg fyrir unglíngana í Vesturbænum.

Sverrir Arnórsson

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188 / 895 8298



Suðurstönd 10
v/Sundlaug Seltjarnnes og World Class
Sími: 511 6367

Opnið: virka daga 9-18 • laugardagar 10 - 16
Sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid

HEIMSENDINGAR TILBOÐ

Stór pizza með 2 áleggstegundum, 2l. gos, stór brauðstangir og sósa 3250 kr

Miðstærð pizzu með 2 áleggstegundum, 1l. gos, lítill brauðstangir og sósa 2850 kr

Pantaðu stóra pizzu af matseðli og 2l. gos, og þú færð litlan skammt af brauðstöngum og sósu með

TVENNUTILBOÐ SÓTT

Kauptu stóra pizzu og stóran skammt af brauðstöngum og fáðu aðra pizzu sömu stærðar að auki

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓTTUM PIZZUM

Gildir ekki með öðrum tilboðum, 30" partypizzum eða heilsubökum

ÁLEGG Á PIZZUR

Lítill pizza: 190 kr
Miðstærð pizza: 290 kr
Stór pizza: 420 kr

MEÐLÆTI

Brauðstangir
Lítill skammtur: 650 kr
Stór skammtur: 750 kr
Ostabrauðstangir: 950 kr
Brauðstangasósa: 170 kr
Hvítlauksolía: 170 kr

BUFFALO KJÚKLINGAVÆNGIR

1090 kr

GOS

1/2 L. í dós: 270 kr
1/2 L. í plasti: 270 kr
1 L. í plasti: 299 kr
2 L. í plasti: 399 kr

FRANSKAR KARTÖFLUR

Lítill 450 kr
Stór 850 kr



S. 554 4444

HEILSU BÖKUR

Pizzubotnar úr heilkornahveiti

Í botnunum okkar er enginn sykur. Við notum aðeins fyrsta flokks heilkorna hveiti og íslenskan ost í allar okkar bökur. Hverri heilsuböku fylgir ferskt rucola salat og jógúrtsósa.

Mílanóbaka: Kjúklíngur, rauðlaukur og döðlur - 2490 kr

Humarbaka: Hvítlauksbakaður humar og sólblómafræ - 2590 kr

Sjávarréttabaka: Rækjur, kræklingur og hvítlaukur - 2590 kr

Parmabaka: Parmaskinka og Camembert - 2490 kr

Grænmetisbaka: Sveppir, paprika, rauðlaukur, ólífur og fetastur - 2490 kr

Hafðu það hollara og betra!

Nýtt
Hollari
heilsubökur



Smíðjuvegi 2 KÓP. - Hringbraut 119 REYKJAVÍK

S. 554 4444

Sumardeginum fyrsta fagnað í Vesturbænum

Sumardeginum fyrsta var fagnað með hefðbundnum hætti 24. apríl sl.

Vesturbæingar og gestir þeirra fóru í skrúðgöngu frá Melaskóla eftir Hagamelnum og Kaplaskjólsveginum að KR-heimilinu, þar sem margt var gert, börnum og fullorðnum til skemmtunar.

Í kirkjugarðinum í Suðurgötu var margt fólk saman komið til að hlusta á fróðleik um þennan merka kirkjugarð.



Hlustað á fróðleik um sögu kirkjugarðsins við Suðurgötu.



Skrúðgangan kemur eftir Hagamelnum, leidd af lögreglu á mótörhjól, skátum og lúðrasveit.



Gulbröndóttur köttur hafði mikinn áhuga á öllu því fólki sem skyndilega birtist á yfirráðasvæði hans.



Á palli spilaði Ragnhildur Helgadóttir undir söng Ástrósar Sigurjónsdóttur, og var þeim vel fagnað.



Glímt við hraðabraut inni í KR-heimilinu með dyggri aðstoð mömmu.

Skipulagsslys á Keilugranda 1

Fjöldi barna sem stundar íþróttir fer sífellt vaxandi og því er mikilvægt að í Vesturbænum sé góð íþróttastaða fyrir börn og unglíng. Það er því orðið löngu tímabært að hlúa betur að og bæta íþróttastaðuna í Vesturbænum. KR-ingar hafa lengi óskað eftir því að fá lóðina á Keilugranda 1 til að geta stækkað íþróttasvæði sitt. Þetta er eini stækkunarmöguleikinn fyrir félagið nálægt KR heimilinu. Við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfum flutt fjölmargar tillögur þess efnis á vettvangi borgarstjórnar að þessi reitur verði þróaður í þágu íþrótt- og æskulýðsstarfs í Vesturbænum og að KR fái þetta svæði undir starfsemi sína. Samfylkingin og Besti flokkurinn/Björt framtíð hafa hins vegar tekið þá ákvörðun að KR fái ekki nema smá sneypl af þessari lóð. Ástæðan er sú að Reykjavíkurborg keypti nýverið þessa lóð á 240 milljónir vegna þess að það liggur svo mikið á að þetta og þrengja byggðina í Vesturbænum. Borgin keypti lóðina í stað þess að bíða í tvö ár eftir að leigusamningur um hana rynnir út en þá hefði ekki þurft að greiða eina einustu krónu fyrir hana og KR hefði getað fengið allt svæðið. Þar sem borgin er búin að kaupa lóðina dýru verði er ætlunin að selja stærsta hluta hennar undir fjölbýlishús og KR fær e.t.v. smá skika sem eftir verður. Grandahverfið er eitt þéttbyggðasta hverfið í borginni og það er ekki á þetta svæði bætandi að þrengja það og þetta meira. Hingað til hef ég ekki hitt neinn sem vill frekar fá þarna fjölbýlishús en íþróttasvæði fyrir barna- og unglíngastarf. Ekkert samráð hefur verið haft við íbúa Vesturbæjarins vegna skipulagsins á Keilugranda 1. Borgarbúar hafa því miður slæma reynslu af samráðsleysi borgaryfirvalda þar sem ákvarðanir hafa verið teknar í andstöðu við íbúa eins og dæmin



Marta Guðjónsdóttir.

sanna. Ekki var hlustað á íbúa þegar þeir mót-mæltu framkvæmdunum á Hofsvallagötunni og enn hafa þær ekki verið dregnar til baka að fullu og nú á að setja 150 milljónir í að breyta götunni enn meira. Sömuleiðis hefur ekki verið hlustað á þá 70.000 einstaklinga sem mótmælt hafa lokun Reykjavíkurlflugvallar í Vatnsmýrinni. Undirskriftasöfnuninni var stungið undir stól og látið eins og hún hafi aldrei átt sér stað. Þetta er nú allt samráðið og íbúalýðræðið sem Dagur B. Eggertsson og félagar boðuðu og staðfestir hvernig er farið gegn hagsmunum og vilja borgarbúa í hverju málinu á fætur öðru.

Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi og skipar 6. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

KATRIN®

UMHVERFISMERKI

Pappír er ekki bara pappír

KATRIN pappírinn færð þú í Besta, Grensásvegi

- Katrin Plus – hágæða pappír fyrir heimili og sumarbústaði
- Vistvænn fyrir rotþrær

EasyFlush® frá KATRIN tryggir gæðin

BESTA – HREYFILSHÚSINU

Grensásvegi 18 | 108 Reykjavík
Sími: 510 0000 | www.besta.is

BESTA

Rauða Ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

Coca-Cola

Frábær myndlista- hátíð á Grandaborg



Heimurinn í hnotskurn að mati listfenginna barna á Grandaborg.

Elsta deild leikskólans Grandaborgar vann þemarverkefni um jörðina sem sjá mátti á veggjum leikskólans, en listaverkin voru til sýnis um síðustu helgi.

Börnin máluðu jörðina. Hvert barn valdi sér eitt land til að fjalla um og þau teiknuðu myndir frá

landinu, gerðu þjóðfána landsins og svo gerðu börnin öll eina manneskju einhverstaðar úr heiminum og svo voru börnin látin leiðast kingum jörðina.

Listaverkin á borðum voru unnin í Myndlistaskólanum í Reykjavík í vetur.

Átt þú gamalt hús sem þarf að gera við - hvar á að byrja?



Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa.

Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni miðvikudaga kl. 15 - 17 og á sama tíma í síma 411 6333.

HÚSVERNDARSTOFA



Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188 / 895 8298

www.borgarblod.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35, Rvík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

„Það þarf raunverulegar aðgerðir í húsnæðismálum og huga betur að leigu- og búseturéttarforminu“

- segir Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir sem leiðir lista Framsóknarflokksins og flugvallavina í Reykjavík

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir leiðir lista Framsóknarflokksins og flugvallavina til borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 31. maí nk. Samkvæmt síðustu skoðana-könnun mælist framboðið ekki með nægjanlegt fylgi til þess að eiga fulltrúa í borgarstjórn, en jök þó fylgi sitt um 123% á milli kannana. Framboð Framsóknar og flugvallarvina er tiltölulega nýtt af nálinni, en listinn var samþykktur 29. apríl sl. Áður hafði Óskar Bergsson sem leiddi listann frá því í nóvembermánuði 2013, sagt sig frá honum.

Sveinbjörg var spurð að því hvort þessi atburðarrás hefði ekki veikt möguleika framboðsins í Reykjavík til þess að fá kjörinn borgarfulltrúa, en telur hún svo ekki vera en þó hefði augljóslega verið betra að hafa lengri tíma í kynningu og undirbúning, sérstaklega þar sem það er mikið af nýjum andlitum á listanum.

- Konur eru í fjórum efstu sætum framboðslistans. Telst það að þínu mati skynsamlegt í ljósi þess að sífellt er verið að tala um jafnrétti kynjanna á framboðslistum stjórnmálaflokkanna?

„Það var stillt upp paralista í þau 7 efstu sæti sem samþykkt voru áður. Sá listi sem nú hefur verið kynnt samanstendur af mjög skynsömu fólki með viðtæka þekkingu og reynslu, sem var tilbúið að koma um borð, með mjög stuttum fyrirvara. Það hefði klárlega verið í meiri jafnréttisanda að bjóða fram para- eða fléttulista og skynsamlegra út frá því sjónarmiði, en þetta er fólkið sem var tilbúið að vinna með okkur og tíminn var naumur og gaman að segja frá því hvað konur í Framsókn og flugvallarvinum eru ekki ákvarðantökufælar og voru tilbúnar að taka sæti með stuttum fyrirvara. Þessi lending var í fullri sátt við grasrót flokksins og þann mikla fjölda sem sótti kjördæmafundinn hjá okkur þar sem listinn var samþykktur.“

Flugvöllurinn áfram í Vatnsmýrinni

- Framboðið kennir sig við flugvallavini. Það er væntanlega skýr skilaboð til kjósenda að þið viljið að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni um aldur og ævi?

„Já við viljum að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. Í ályktun Framsóknarflokksins er tekin skýr afstaða til þess að flugvöllurinn eigi áfram að vera í Vatnsmýrinni, jafnframt hefur verið samþykkt byggðaáætlun sem 60 þingmenn samþykktu, þar sem kemur skýrt fram að flugvöllurinn eigi að vera áfram í Reykjavík. Við viljum verja að neyðarbrautinni verði ekki lokað strax á næsta ári eins og samkomulag núverandi meirihluta og innanríkisráðherra segir til um og að Fluggarðar sem í dag skapa um 500 störf og mennta 800 einstaklinga, fari ekki. Þá teljum við að vera flugvallarins á þeim stað sem hann er nú, sé órjúfanlegur þáttur í vexti ferðaþjónustu og annarri atvinnustarfsemi í borginni.“

- Hvaða mál eða málaflökka aðra leggið þér sérstaklega áherslu á í þessari kosningabaráttu?



Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir.

„Við leggjum mikla áherslu á skipulagsmálin og að það þurfi að endurskoða nýlega samþykkt aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, sem greir ráð fyrir alltof mikilli þéttingu byggðar í 101 og að flugvöllurinn fari. Við erum fámenn borg með nægt landrými, en aðalskipulagið gerir ráð fyrir því að hér sé skortur á landi og fjölmenni og það megi helst ekki búa í úthverfi. Það þarf miklu meira samráð fyrir íbúa borgarinnar við gerð aðalskipulags. Í aðalskipulaginu er m.a. gert ráð fyrir steinklumpabyggingum meðfram öllum hafnarbakkanum og norðanmegin á Suðurlandsbrautinni, ofan við Laugardalinn. Við viljum koma í veg fyrir skipulagsslys, en þau eru fjölmörg samkvæmt aðalskipulaginu.“

Fjölskyldu- og menntamálin ofarlega í huga

„Þá eru fjölskyldu- og menntamálin okkur ofarlega í huga. Við vilja koma á frístundakorti fyrir eldri borgara að fjárhæð 20.000 krónur, við viljum bæta nýtingu frístundakortsins, sem Framsóknarflokkurinn kom upphafleg á, og heimila samnýtingu á milli systkina. Við skjótum þó ekki loku fyrir að hækkun á tímabilinu, en það yrði þá frekar gert með öðru frístundakorti, til að koma í veg fyrir hækkunir á gjaldskrám íþróttafélaganna. Við teljum nauðsynlegt að endurskoða skóla án aðgreiningar og við teljum að borgin eigi að styðja við foreldra, kennara og annað starfsfólk skóla í agamálum og fjölga úrræðum. Við viljum forgangsraða peningum borgarinnar með því að auka fjárframlög til leik- og grunnskóla og síðast en


ekki síst að gera stóratæk í lestri.“

- Framsókmenn, m.a. núverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, Eygló Harðardóttir, hefur lagt mikla áherslu sð koma á nýskipan í húsnæðismálum, ekki síst breytt rekstrarfyrirkomlag Íbúðalánasjóðs og koma til framkvæmda kerfi sem snýr a húsnæðisbótum. Ertu fylgjandi þessum hugmyndum og eru eru þær hagkvæmar fyrir ungt fólk sem vill koma yfir sér þaki í Reykjavík?

„Já, það þarf raunverulegar aðgerðir í húsnæðismálum og huga betur að leigu- og búseturéttarforminu. Staðreyndin er sú að ekkert hefur verið gert í húsnæðismálum Reykvíkinga á þessu kjörtímabili. Það er nauðsynlegt að fjölga íbúðum í Reykjavík, bæði almennum og félagslegum, en á þessu kjörtímabili hafa einungis bæst við um 70 íbúðir í eignasafn félagsbústaða, en ættu að vera a.m.k. 400. Fólk býr í ólöglegu húsnæði um allan bæ, húsnæðisöryggi er lítið og bitnar þetta ástand einna helst á þeim sem minnst mega sín. Á síðasta ári var byrjað að byggja 617 íbúðir, en á árinu 2012 fjölgaði þeim um 132 og 2011 um 6 talsins.“

Verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála hefur skilad félags- og húsnæðismálaráðherra tillögum sínum, þar sem fjármögnun húsnæðislána verður breytt, húsnæðissparnaður festur í sessi á ný og leigumarkaðurinn eflidur með margvíslegum aðgerðum. Já ég tel að þetta séu góðar hugmyndir sem muni nýtast þeim Reykvíkingum sem þurfa að koma sér þaki yfir höfuðið,” segir Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir.

KR-ingar til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn 2014



Vorferð Neskirkju og gleðin á uppstigningardegi



Saurbæjarkirkja á Hvalfjarðarströnd.

Langar þig út í vorið í góðum félagsskap? Hallgrímur Pétursson á 400 ára afmæli. Miðvikudaginn 28. maí nk. býður Neskirkja öllum sem vilja í safnaðarferð í Hvalfjörð.

Farið verður frá Neskirkju kl. 13.30 og ekið að sumarbúðum KFUM í Vatnaskógi. Þaðan verður farið að Saurbæ og gengið í Hallgrímskirkju. Kristinn Jens Sigurþórsson, sóknarprestur, fræðir um staðinn, sálmaskáldið Hallgrím og fjölskyldu hans. Með í för verður Hljómur, hinn gleðiríki kór eldri borgara í Neskirkju, en hann mun syngja í kirkjunni. Neskirkja býður og kostar rútuferðina en þátttakendur greiða 1000 krónur fyrir kaffi í Vatnaskógi. Fararstjóri verður sr. Sigurður Árni Þórðarson.

Dagur eldri borgara

Uppstigningardagur er dagur

eldri borgara. Í guðsþjónustunni í Neskirkju kl. 14.00 syngur Hljómur undir stjórn Jóhönnu Halldórsdóttur. Steingrímur Þórhallsson leikur á orgelið og Sigurður Árni Þórðarson, prédikar. Eftir athöfn í kirkjunni verður veislukaffi á Torginu. Gleðin heldur áfram því Reynir Jónasson mun þenja harmonikkuna sína og leika undir almennan söng. Svo verður ræðuhorn – n.k. speakers corner: Þau sem hafa löngun til að segja skemmtisögu hafa aðgang að hljóðnema.

Miðvikudagurinn 28. maí er góður dagur fyrir vorferð inn í ilmandi skóg og á vit menningar. Á uppstigningardegi, 29. maí, er þér og öllu þínu fólki boðið til kirkjunnar þinnar. Neskirkja þjónar lífinu og mannfólkinu á öllum aldri. Verið velkomin til gleðinnar.

Náttúrugöngur á vegum Borgarbókasafnsins og Reykjavík-iðandi af lífi: Gengið að Elliðaánum á Degi farfiskanna



Engin höfuðborg á laxveiðia í miðri borg, nema Reykjavík!

Í maí munu Borgarbókasafn Reykjavíkur og Reykjavík-iðandi af lífi taka höndum saman og bjóða upp á fræðandi og skemmtilegar náttúrugöngur um næsta nágrenni fjögurra bókasafna.

Náttúrufræðingar munu leiða göngurnar og mun hver ganga hafa sérstakt þema. Hver ganga tekur um klukkustund og verður boðið upp á kaffi á eftir í húsnæmnum bókasafnsins. Allir eru velkomnir og þátttaka er ókeypis. Umsjónarmaður með náttúrugöng-

unum er Snorri Sigurðsson lífræðingur og verkefnisstjóri Reykjavík-iðandi af lífi en honum til halds og traust verða góðir gestir.

Þegar hafa farið fram þrjár náttúrugöngur en fjórða gangan verður laugardaginn 24. maí nk. frá Gerðubergssafni í Breiðholti kl. 14:00 og mun sú ganga heita Dagur farfiskanna. 24. maí er alþjóðlegur dagur farfiska og er haldið upp á hann víða um heim. Gengið verður niður að Elliðaánum og gestir fræðdir um laxagöngur og annað lífríki í ánum.

Andarunginn.is býður m.a. upp á vörumerkið 3 sprouts

Opnuð var vefverslunin Andarunginn.is í enda febrúar af Hjördísi Jónsdóttur í Frostaskjólí 28 í Reykjavík. Hjördís segir að hugmyndin hafi kviknað þegar hún var í fæðingarorlofi með yngsta barnið sitt og ætlaði að fara að gera barnaherbergin sín eftir að fjölskyldan flutti í nýtt hús.

„Ég rakst á þessar vörur erlendis sem ég er með í vefversluninni og ákvað að fara að flytja þær inn til landsins. Ég er menntaður viðskipta og markaðsfræðingur og er með mastersgráðu í alþjóðaviðskiptum. Mig hefur alltaf langað til þess að fara út í eigin rekstur en ekki fundið mig nægilega fyrir en nú,” segir Hjördís.

Verslunin býður upp á vörur fyrir börn og aðallega frá vörumerkinu 3 sprouts sem er kanadískt. Vörumerkið er mjög stórt vestanhafs, það hefur unnið til fjölda hönnunarverðlauna fyrir gæði og góða hönnun og er



Skemmtilegar vörur í barnaherbergið.

líka mjög vinsælt hjá fræga fólkinu. Hjördís segir að viðbrögðin hafi verið góð og hún sé bjartsýn á framhaldið. Meðal þess sem

boðið er upp á eru dótahirslur, kórfur, kassar og fötur.

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannaferi utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulúðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir

SAMAN



Ríkislögreglustjórnin

KR-ingar Íslandsmeistarar í körfuknattleik karla 2014!

KR-ingar eru Íslandsmeistarar í Dominosdeild karla árið 2014 eftir sigur á Grindavík, 79-87 í fjórða leik liðanna í úrslitaseríunni.

Martin Hermannsson var stiga-hæstur með 26 stig en þessi 19 ára piltur var valinn besti leik-

maður úrslitakeppninnar. Að margra mati var þetta best leikni leikurinn í seríunni. lyftHeimamenn í Grindavík ætluðu svo sannarlega að selja sig dýrt og ekki sýna neina gestrisni inn á vellinum. Þeir leiddu lungan af leiknum með nokkura stiga mun

en í lokin kom áhlaup KR-liðsins, þeir settu þriggja stiga körfur og tryggðu sigurinn. KR hefur sýnt frá fyrsta leik Íslandsmótsins að þetta var besta liðið í deildinni í ár. Til hamingju KR-ingar!



Sigri fagnað og bikarnum lyft.



Martin Hermannsson var valinn besti leikmaður úrslitakeppninnar. Hér er hann með stoltri fjölskyldunni eftir leikinn. F.v.; systir hans Anna Margrét Hermannsdóttir, móðir hans Margrét Elíasdóttir, Martin Hermannsson, faðir hans Hermann Hauksson og bróðir Arnór Hermannsson.



Þessir herra menn hafa flestir mætt á alla heimaleiki KR í vetur. Þegar kemur að úrslitastund klæða þeir sig upp á eins og hæfir öllum hátíðarstundum. F.v.; Finnur Jakob, Halldór, Einar Gylfi og Jakob. Félagið má sannarlega vera stolt af þeirra körfuboltaáhuga og stuðningi.

KR-SÍÐAN



Körfubolti:

KR Íslandsmeistari í 8. flokki karla



Íslandsmeistarar 2014.

Strákarnir í 8. Flokki karla urðu Íslandsmeistarar fyrir skömmu, sigruðu Fjölni, Keflavík, Hauka og Njarðvík í úrslitakeppninni.

Leikur þeirra við Hauka sem

lentu í 2. sæti var magnaður, en sigur náðist eftir fjórar framlengingar. Frábær árangur sem strákarnir náðu í vetur, þeir sigruðu í öllum fjórum mótum vetrarins. Þjálfari liðsins er Bojan Desnica.

Knattspyrna:

KR á TM-mótinu í 6. og 7. flokki kvenna



Flottur hópur KR-stúlkna sem gaman verður að sjá til á vellinum í sumar.

KR stelpur í 6. og 7. flokki kvenna kepptu á TM mótinu hjá Stjórnunni í Garðabæ 4. maí sl.

7. flokkur sendi þrjú lið sem öll stóðu sig með þryði. Stelp-

urnar eru búnar að vera duglegar að taka þátt í mótum og æfa í vetur og miklar framfarir hafa orðið. Sem skilaði sér í góðum árangri á mótinu.



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



XS

REYKJAVÍK

HÆKKUM FRÍSTUNDASTYRKINN Í 50.000
2.500 - 3.000 NÝJAR LEIGUÍBÚÐIR

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ INN Á XSREYKJAVIK.IS